

7. gr.

Dómnefndin skal senda dómsmálaráðherra umsögn sína ásamt umsóknum og fylgigögnum sem hún hefur aflað sér.

Dómsmálaráðherra skal kynna hverjum umsækjanda álit dómnefndar skv. a lið 1. mgr. 5. gr. um hann sjálfan og álit dómnefndar skv. b lið 1. mgr. 5. gr. og gefa honum kost á að gera skriflegar athugasemdir. Berist ráðherra athugasemdir skulu þær bornar undir dómnefndina.

Umsögn nefndarinnar er ekki bindandi við skipun í embætti héraðsdómara.

8. gr.

Dómsmálaráðuneytið varðveitir umsóknir um embætti héraðsdómara, umsagnir dómnefndar og fylgigögn.

Þeir sem sitja í dómnefnd hverju sinni eiga rétt á að kynna sér fyrri umsagnir nefndarinnar.

9. gr.

Nefndarmönnum skal greidd þóknun úr ríkissjóði fyrir störf sín í nefndinni. Dómsmálaráðuneytið ákveður fjárhæð þóknunar.

10. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt ákvæðum í 4. mgr. 12. gr. laga um dómstóla nr. 15 25. mars 1998, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um störf nefndar samkvæmt 5. gr. laga nr. 92/1989.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. október 1999.

Sólveig Pétursdóttir.

Margrét Hauksdóttir.

Nr. 694

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1998.

Rekstrarreikningur árið 1998

Tekjur:

	Kr.
Ríkisframlag	3.246.638.816
Sveitarfélög	<u>2.431.537.226</u>
Tekjur alls	<u>5.678.176.042</u>

Gjöld:

Bundin framlög	736.296.683
Sérstök framlög	726.392.188
Jöfnunarframlög	978.601.290
Húsaleigubætur	279.117.548
Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla	2.387.118.938
Stofnkostnaðarframlög	400.000.000
Framlög samtals	<u>5.507.526.647</u>

<i>Rekstrarkostnaður:</i>	Kr.
Laun og launatengd gjöld	10.267.665
Önnur gjöld	4.223.519
Rekstrarkostnaður samtals	<u>14.491.184</u>
Gjöld alls	<u>5.522.017.831</u>
Tekjuafgangur án fjármagnsliða	156.158.211
<i>Fjármunatekjur/(fjármagnsgjöld):</i>	
Vaxtatekjur	62.777.277
Vaxtagjöld	(3.229)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) alls	<u>62.774.048</u>
Tekjuafgangur fyrir skatta	<u>218.932.259</u>
<i>Skattar:</i>	
Fjármagnstekjuskattur	6.277.726
<i>Tekjuafgangur</i>	<u>212.654.533</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 1998

Eignir:

<i>Veltufjármunir:</i>	Kr.
Skammtímakröfur:	
Áfallnar vaxtatekjur	33.282.513
Virðisaukaskattur af þjónustu	145.144
Aðrar skammtímakröfur	<u>129.921.657</u>
Skammtímakröfur samtals	<u>163.349.314</u>
Handbært fé:	
Bankareikningar	530.906.929
Eignir alls	<u>694.256.243</u>

Skuldir og eigið fé:

<i>Eigið fé:</i>	
Eigið fé í ársbyrjun	14.864.702
Tekjuafgangur	<u>212.654.533</u>
Eigið fé samtals	<u>227.519.235</u>

Skammtímaskuldir:

Ógreiddur fjármagnstekjuskattur	3.328.251
Ógreidd staðgreiðsla	0
Ógreitt tryggingagjald	0
Ógreiddir vextir	0
Óhafin framlög	382.198.519
Aðrar skammtímaskuldir	<u>81.210.238</u>
Skammtímaskuldir samtals	<u>466.737.008</u>
Skuldir samtals	<u>466.737.008</u>

Skuldir og eigið fé alls: 694.256.243

Sjóðstreymi**Framlag rekstrar:**

	Kr.
Tekjuafgangur	218.932.259
<i>Breyting liða innan hreins veltufjár:</i>	
(Aukning) minnkun viðskiptakrafna	(145.100.901)
Aukning (minnkun) viðskiptaskulda	136.329.255
.....Breytingar innan hreins veltufjár	<u>(8.771.646)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	210.160.613
Handbært fé í ársbyrjun	<u>329.645.106</u>
<i>Handbært fé í árslok</i>	<u>539.805.719</u>

Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1998. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1-14. Ársreikningurinn er lagður fram af yfirstjórn Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum og einnig athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustar grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 1998, efnahag 31. desember 1998 og breytingum á handbæru fé á árinu 1998 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 20. september 1998.

Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi.

Sveinn Arason skrifstofustjóri.

Staðfesting ársreiknings

Þær breytingar hafa orðið á reikningsskilaaðferðum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að nú eru áfallnar tekjur færðar til tekna í bókhaldi án tillits til hvenær þær eru innleystar. Með sama hætti eru áfallin bundin framlög og skuldbindingar færð á því ári sem þau tilheyra án tillits til greiðslu. Breytingar þessar eru gerðar í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997 en þau tóku gildi á árinu 1998.

Á árinu 1998 varð tekjuafgangur af rekstri Jöfnunarsjóðsins er nam 212.655 þús. kr. Eigið fé sjóðsins í árslok 1998 var 227.519 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Félagsmálaráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1998 með áritun sinni.

Reykjavík, 20. september 1999.

Páll Pétursson félagsmálaráðherra.
Húnbogi Þorsteinsson formaður ráðgjafarnefndar.

18. október 1999

Nr. 695

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Deiliskipulag fyrir jörðina Efra-Skarð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps þann 8. september 1999 samþykkt deiliskipulag fyrir jörðina Efra-Skarð í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Deiliskipulagið nær til reits sem er 2534 m² að stærð og er vestan núverandi aðkomuvegar, gengt núverandi íbúðarhúsi jarðarinnar, sjá deiliskipulagsupprátt. Gert er ráð fyrir byggingu íbúðarhúsa á byggingarreitnum auk bifreiðageymslu. Auk þess nær deiliskipulagið yfir svæði þar utan sem ætlað er fyrir aðstöðu til fiskeldis.

Greinargerð og uppráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulag fyrir jörðina Hurðarbak.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps þann 8. september 1999 samþykkt deiliskipulag fyrir jörðina Hurðarbak í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Deiliskipulagið nær til jarðarinnar allrar. Í því er gert ráð fyrir byggingu sex alifuglahúsa, 2500 m² að stærð hvert, og þriggja íbúðarhúsa. Áfram er gert ráð fyrir nýtingu eldri húsa jarðarinnar.

Greinargerð og uppráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hlöðum, 18. október 1999.

Oddviti Hvalfjarðarstrandarhrepps,

Jón Valgarðsson.

18. október 1999

Nr. 696

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Ölfuss 1997-2009, jörðin Þorlákshöfn.

Með vísan til 19. gr. og 61. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 18. október 1999 staðfest aðalskipulag sveitarfélagsins Ölfuss 1997-2009, að því er tekur til Þorlákshafnarjarðarinnar. Frestað er staðfestingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins að öðru leyti.